



Fundargerð stjórnar SSA nr. 6 starfsárið 2012 – 2013

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 23. apríl 2013 kl. 12:00. Fundurinn hófst með hádegisverði á Gistihúsinu á Egilsstöðum. Fundarstaður: Miðvangur 2-4 Egilsstaðir.

Mættir voru: Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir, Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Unnur Björgvinsdóttir og Gauti Jóhannesson. Þá sat fundinn Ólafur Áki Ragnarsson, fulltrúi sveitarstjórnarmála, sem ritaði fundargerð.

Formaður Valdimar O. Hermannsson setti fundinn. Gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 5. febrúar 2013. Fundargerðin samþykkt.
- b) Framkvæmdaráðs SSA dags. 18. febrúar 2013. Fundargerðin samþykkt.
- c) Stjórnar SSNV dags. 29. janúar og 26. febrúar 2013. Lagðar fram til kynningar.
- d) Samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags Leikskólakennara dags. 13. mars 2013. Lögð fram til kynningar.
- e) Stýrinets sóknaráætlana landshluta dags. 31. janúar 2013, 21. febrúar 2013 og 8. mars 2013. Lagðar fram til kynningar.
- f) Stjórnar SASS 464 og 465. fundur. Lagðar fram til kynningar.
- g) Stjórnar FV dags. 1. febrúar, 13 febrúar, 13. mars 2013 og 4. apríl 2013. Lagðar fram til kynningar.
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 804. Fundur. Lögð fram til kynningar.
- i) Heilbrigðiseftirlits Austurlands 108. fundur. Lögð fram til kynningar.

2. Almenningsamgöngur:

- a) Fundargerð Norðlendinga og Austfirðinga um samvinnu í almenningsamgöngum. Í fundargerðinni kemur m.a. fram að gera þurfi samning um kostnaðarskiptingu milli SSA og Eyþings um leiðina Akureyri – Egilsstaðir, leið 56. Þá kemur fram að skoðað verði að seinka brottför frá

Egilsstöðum til kl. 09:00, til þess að fella ferðir leiðar 56 að almenningssamgangnakerfi Austurlands.

- b) Kynnt drög að samningi um tilraunaverkefni til að efla og þróa skipulag almenningssamganga milli byggðakjarna og tengingu höfuðborgarsvæðisins.
- c) Lagt fram yfirlit yfir kostnað við almenningssamgöngur á Austurlandi 2012 og mótframlag vegagerðarinnar.
- d) Lögð var fyrir fundinn útskrift úr fundargerð bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar, þar sem bæjarstjórn samþykkir samning um framkvæmd almenningssamganga á starfssvæði SSA.

3. Umsagnir um frumvörp:

- a) Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um sveitarstjórnarkosningar, 537. mál. Lagt fram til kynningar.
- b) Umsögn SSA um frumvarp til laga um velferð dýra, 283 mál. Lagt fram til kynningar.

4. Málefni Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

- a) Fundargerð stjórnar Atvinnuþróunarsjóðs frá 7. mars 2013. Lögð fram til kynningar
- b) Á fundinum kom fram að stefnt væri að því að halda aðalfund Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands fyrir árin 2011 og 2012 fyrir lok maí nk.
- c) Samþykkt var að Stefán Bogi Sveinsson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Ólafur Áki Ragnarsson færu yfir tillögur að samþykktum fyrir Atvinnuþróunarsjóðinn, sem kynntar voru stjórn SSA 5. febrúar sl. Stjórn Atvinnuþróunarsjóðs hefur farið yfir tillögurnar og gert ákveðnar athugasemdir við þær.

5. Málefni SSA:

- a) Samþykkt var að aðalfundur SSA fyrir árið 2013, verði haldinn í Fjarðabyggð dagana 13. og 14. september nk.
- b) Lögð fram til kynningar drög að endurskoðuðum samþykktum SSA. Samþykkt að vísa drögnum til næsta stjórnarfundar SSA til afgreiðslu.
- c) Kynnt voru drög að samþykktum fyrir samgöngunefnd SSA. Samþykkt var að vísa þeim til næsta stjórnarfundar SSA til afgreiðslu.
- d) Lögð fram drög að samþykktum fyrir samstarfsnefnd. Samþykkt var að vísa þeim til næsta stjórnarfundar SSA til afgreiðslu.
- e) Lögð fram tillaga að greiðslum SSA til Austurbrúar vegna þjónustu sem Austurbrú veitir SSA. Samþykkt að vísa málinu til framkvæmdaráðs SSA til meðferðar.

6. Bréf til stjórnar SSA frá:

- a) Lagt fram bréf framkvæmdarstjóra Eyþings um fyrirhugaðan fund landshlutasamtakan sem haldinn verður á Eyjafjarðarsvæðinu dagana 13. og 14. júní nk.
- b) Kynnt var bréf bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar þar sem hann vekur athygli á niðurstöðum starfshóps um samgöngumál sem samþykkt voru á 43. aðalfundi SSA um samgönguöxla á Austurlandi. Þar er sérstaklega fjallað um Seyðisfjörð sem fólksflutninga og skemmtiferðaskipahöfn Austurlands. Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi SSA.
- c) Lagt fram bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 11. febrúar 2013 þar sem ráðuneytið óskar eftir þátttöku SSA í mótun innanríkisstefnu. Samþykkt var að Ólafur Áki Ragnarsson og Sigrún Blöndal kæmu með tillögur til stjórnar SSA um afgreiðslu málsins.
- d) Kynnt var bréf frá Innanríkisráðuneytinu dags. 4. apríl 2013, þar sem gerð er grein fyrir framlagi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til landshlutasamtakana fyrir árið 2013. Bundin framlög eru kr. 21.575.000 á hver samtök.
- e) Farið var yfir drög að samningi sem nýst gæti við samningsgerð vegna verkefna sóknaráætlana, sem unnin voru af starfsmönnum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Samþykkt var að framkvæmdaráð fundi með framkvæmdastjóra Austurbrúar, um framkvæmd verkefna Sóknaráætlunar Austurlands 2013.
- a) Farið var yfir svarbréf frá Símanum varðandi ábendingu frá stjórn SSA um að bæta Borgarfirði eystri, Hallormsstað og Mjóafirði inn á framkvæmdaplan Símans fyrir árið 2013, en fyrirtækið áformar að tengja tólf bæjarfélög á Austurlandi ljósnetinu.

7. Önnur mál:

- a) Stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi tilnefnir neðangreinda í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum.

Aðalmenn: Gauti Jóhannesson, Hlauphólum, 765 Djúpavogi
Anna Björk Guðjónsdóttir, Mánatröð 6, 700 Egilsstöðum

Varamenn: Sigríður Elfa Konráðsdóttir, Lónabraut 43, 690 Vopnafirði
Kjartan Glúmur Kjartansson, Stekkjarbrekku 11, 730
Reyðarfirði

Samþykkt samhljóða.

- b) Formaður fór yfir málefni ársfundar Byggðastofnunar, en hann ásamt framkvæmdastjóra Austurbrúar sóttu fundinn sem haldinn var í Varnahíð Skagafirði 5. apríl sl.



- c) Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann og fulltrúi sveitarstjórnarmála sátu á Kirkjubæjarklaustri dagana 11. og 12. apríl sl. um menningarmál og framtíð menningarsamninga.
- d) Ákveðið var að senda vinnuhópi SSA um refa- og minkaveiðar bréf og óska eftir að nefndin skili tillögum til stjórnar um fyrirkomulag refa- og minkaveiða.
- e) Tekið var fyrir bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu SSA í skólanefnd Verkmenntaskóla Austurlands til næstu fjögurra ára.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt:

Aðalmenn: Jón Björn Hákonarson, Hlíðargötu 5a, 740 Neskaupstaður
Anna Margrét Sigurðardóttir, Þiljuvöllum 4, 740
Neskaupstaður

Varamenn: Jón Þórðarson, Breiðvangi 2, 720 Borgarfirði eystri
Berglind Steina Ingvarsdóttir, Strandgötu 120, 735 Eskifjörður

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi því slitið kl. 17:15

Ólafur Áki Ragnarsson, fundarritari.